

Föstudaginn 22. mars 1996.

Nr. 114/1996.

X

(Hróbjartur Jónatansson hrl.)

gegn

dóms- og kirkjumálaráðuneytinu

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

Kærumál. Nauðungarvistun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 18. mars 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 19. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. mars 1996, þar sem staðfest er ákvörðun varnaraðila 10. sama mánaðar um, að sóknaraðili skuli vistaður á sjúkrahúsi. Kæruheimild er í 5. mgr. 18. gr. lögræðis laga nr. 68/1984, sbr. 1. mgr. 10. gr. laganna, svo sem henni var breytt með 161. gr. laga nr. 91/1991. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og skipuðum talsmanni hans ákveðin þóknun vegna kærumálsins úr ríkissjóði.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður hann staðfestur.

Þóknun til talsmanns sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Þóknun til talsmanns sóknaraðila, Hróbjarts Jónatanssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 14. mars 1996.

Með bréfi, dagsettu 11. þ. m., var þess krafist af hálfu X, f. 1955, Reykjavík, að ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 10. þ. m. um það, að hann skyldi vistast á sjúkrahúsi vegna geðsjúkdóms, sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðis laga nr. 68/1984, skyldi falla niður. Var málið þingfest og tekið til úrskurðar í gær.

Um aðild X vísast til 1. mgr. 18. gr. lögræðis laga. Í bréfinu kemur fram, að sóknaraðili telur nauðungarvistun þessa vera gerða, án þess að skilyrði hafi verið til þess að vista hann nauðugan á Landspítalanum. Ekki verði séð, að trúnaðarlæknir dómsmálaráðuneytisins hafi kannað hagi sóknaraðila eða eftir atvikum annar hlutlaus læknir, sem þó sé lögskylt. Verði því ekki séð, að ráðuneytið hafi farið að lögum, áður en það féllst á það, að sóknaraðili skyldi vistast nauðugur á sjúkrahúsi. Þá segir, að læknisvottorð það, sem fylgdi beiðninni um nauðungarvistun, innihaldi almenna og yfirborðskennda lýsingu á ástandi sóknaraðila og sé samið af lækni, sem starfsmenn geðdeildarinnar hafi kallað til. Staðhæfingar í vottorðinu um, að sóknaraðili sé „hættulegur öðrum“ og hafi „of lítið sjúkdómsinnisæi“, séu órökstuddar. Sé því ekki unnt að treysta slíku vottorði.

Fyrir dóminum liggur krafa um nauðungarvistun, sem undirrituð er af móður sóknaraðila, V, f. 1917, svo og vottorð Ásgeirs Karlssonar geðlæknis, dagsett 10. þ. m. Kemur þar fram, að sóknaraðili hafi verið haldinn psykosa manio-depressiva um nokkurra ára skeið og oft legið á Landspítalanum vegna þess. Síðast hafi hann lagst þar inn 29. f. m. í bráðu geðveikisástandi (mania), sem vari enn. Samvinna við hann hafi verið erfið, og hann sé haldinn miklum ranghugmyndum, og innsæi hans í sjúkdóminn sé í algeru lágmarki. Þá sé hann illa „áttaður“ á tíma. Hann geti verið hættulegur öðrum, og sé því nauðsynlegt, að hann sæti nauðungarvistun á spítalanum til frekari meðferðar. Halldóra Ólafsdóttir, geðlæknir á geðdeild Landspítalans, hefur komið fyrir dóminn. Hún kveður sóknaraðila vera mjög veikan og langt frá bata. Hugsanagangur hans sé losaralegur og erfitt að skilja, hvað hann segi. Hann gangi með ýmsar ranghugmyndir og fái reiðiköst. Ranghugmyndirnar hafi vaxið, eftir að hann kom á spítalann. Þá vilji hann ekki hlíta reglum deildarinnar. Hann hafi viljað útskrifast um sl. helgi og frelsi hans þá heft í tvo sólarhringa og síðan vistaður nauðugur. Erfitt sé að segja um árangur læknismeðferðarinnar, meðan á nauðungarvistuninni standi. Almennt taki maníur um þrjá mánuði að ganga yfir, en með nútíma lyfjagjöf megi draga mjög úr þeim. Maníumeðferð heppnist yfirleitt ekki utan spítala. Maníusjúklingar skaði sig óviljandi, og framkoma þeirra gagnvart sínum nánustu sé oft nánast óbærileg. Þá segir hún, að sóknaraðili hafi lítið sjúkdómsinnisæi. Sóknaraðili hefur komið fyrir dóminn og skýrt mál sitt nokkrum orðum. Er tal hans um margt annarlegt og lítt skiljanlegt. Kemur m. a. fram hjá honum, að hann telji sig hafa verið umsetinn af eiturlyfjasölum. Virðist framganga hans vera í samræmi við lýsingu læknanna á ástandi hans.

Dómarinn telur einsýnt af því, sem fram er komið, að sóknaraðili sé

haldinn alvarlegum geðsjúkdómi, sem geri það nauðsynlegt, að hann verði vistaður gegn vilja sínum á sjúkrahúsi, sbr. 2. mgr. 13. gr. lögræðis laga. Samkvæmt 4. mgr. 18. gr. lögræðis laga ber dómara að kveða upp úrskurð um það, hvort vistun skuli haldast eða falla niður. Ber að ákveða, að haldast skuli vistun sóknaraðila á sjúkrahúsi samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 10. þ. m.

Þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Hróbjarts Jónatanssonar hrl., sem þykir hæfilega ákveðin 25.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Haldast skal ákvörðun dómsmálaráðuneytisins 10. mars 1996 um, að sóknaraðili, X, f. 1955, skuli vistast á sjúkrahúsi.

Þóknun skipaðs talsmanns sóknaraðila, Hróbjarts Jónatanssonar hrl., 25.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.
